

I. Tillaga til 413. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. febrúar 2018

6. Sindragata 7 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi - 2017080053

Á 492. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar var eftirfarandi erindi tekið fyrir. Karl Ásgeirsson leggur fram fyrirspurn til bæjaryfirvalda f.h. 3X - Tecnology um hvort fyrirtækinu sé heimilt að gera breytingu á deiliskipulagi Sindragötu 5-7 þar sem byggingarreitur á lóð 5 er stækkaður og nýtingarhlutfall er hækkað úr 0.7 í 1. Fyrirtækið hyggur á stækkun vegna vaxandi umsvifa og áformar að stækka tengibyggingu á milli Sindragötu 5 og 7, jafnframt stækka húsið að Sindragötu 5 í átt að Sundabakka, þar sem byggingarlína yrði samsíða byggingarlínu Sindragötu 3 og kemur til með að mynda heildstæða götumynd. Meðfylgjandi er afstöðumynd frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. jan. 2018 og erindisbréf dags. 22.01.2018. Skipulags- og mannvirkjanefnd vísaði erindi til hafnarstjórnar. Hafnarstjórn bókaði eftirfarandi: Hafnarstjórn setur sig ekki upp á móti framkvæmdinni.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila 3X-Technology að hefja deiliskipulagsvinnu við Sindragötu 5-7

Sigurður Jón Hreinsson vék af fundi við afgreiðslu.